

Það helsta af ráðgjöfinni

Fundur í ráðgjafaneti FA var haldinn í Reykjavík 22. febrúar síðastliðinn, sjá frétt á frae.is [hér](#). Stefnt er að því að halda næsta fund í byrjun október.

Verkfærakista ráðgjafanetsins hefur verið opnuð inn á [heimasíðu FA](#) en þar er aðgangur að verkfærum og gögnum varðandi ráðgjöfina. Uppfært skjal um *Náms- og starfsráðgjöf í framhaldsfræðslu* hefur verið sett inn í verkfærakistuna en þar er meðal annars gerð grein fyrir hvernig viðtöl greidd af Fræðslusjóði eru skilgreind, tími og verkþættir sem greitt er fyrir og verðflokkun viðtala. Einnig er „stóra færnimappan“ komin inn á íslensku, ensku og pólsku. Ráðgjafar framhaldsfræðslunnar eru hvattir til að senda inn efni og/eða ábendingar um efni sem væri gagnlegt að leggja þar inn til [Gíju](#).

INNA.is Settur hefur verið inn flipi í INNU sem merkja skal við þegar verkefni er greitt af öðrum, til dæmis ef um hóp frá Vinnumálastofnun eða VIRK er að ræða í gegnum samning við þá, eða erlend verkefni eins og GOAL og VISKA. Ekki er heimilt að láta tvígreiða fyrir ráðgjafaviðtöl við einstaklinga eða hópa.

Heimsóknir til nokkurra fræðsluaðila verða í júní þar sem ætlunin er að taka samtál um náms- og starfsráðgjöf framhaldsfræðslunnar við starfsfólk símenntunarmiðstöðva.

Næstaskref.is

Í sumar verður ráðist í næstu stóru uppfærslu á upplýsinga- og ráðgjafarvefnum [Næstaskref.is](#). Helstu breytingar sem fyrirhugaðar eru felast í aukinni áherslu á sýnileika námsleiða framhaldsfræðslunnar og svokallaðan Starfaáttavita, sem vonandi verður að veruleika. Þá er ýmislegt í bígerð sem hvort tveggja snýr að virkni og útliti vefjarins sem væntanlega verður í framhaldinu notaður sem aldrei fyrr en notkunin hefur haldist mjög stöðug frá upphafi árs 2018 þegar ný og endurbætt útgáfa hans fór í loftið. Nánari upplýsingar hjá [Arnari](#)

VISKA fréttir

Fundur samstarfsaðila allra landanna í [VISKA verkefninu](#) var haldinn í Osló í mars. Þar var staðan á tilraunahluta verkefnisins í löndunum kynnt, rannsakendur sögðu frá vinnu varðandi milliskýrslu sem birt verður í júní og farið var yfir undirbúning að lokaráðstefnu verkefnisins sem haldin verður í Brussel 12. febrúar 2020 (sjá [fréttabréf](#) VISKA verkefnisins). Nánari upplýsingar má fá hjá [Fjólu](#) og [Gíju](#)

Tilraunahluti VISKA verkefnisins

Þann 29. apríl útskrifaðist þrjátíu og einn þátttakandi úr raunfærnimati í gegnum VISKA verkefnið hjá IÐUNNI fræðslusetri. Tuttugu þátttakendur luku raunfærnimati í húsasmíði, níu í matartækni og tveir í málaraíðn. Allir þátttakendur eru frá Póllandi og hafa búið hér á landi um árabil.

Hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum var boðið upp á raunfærnimat í Yfirfæranlegri færni (e. transversal skills), sem er hluti af VISKA. Verkefnið var unnið í samstarfi við Vinnumálastofnun og tóku sex atvinnuleitendur frá Póllandi þátt í því. Einn þeirra fór í gegnum fyrri hluta verkefnisins en fimm luku öllu ferlinu sem kláraðist fyrir páska. Þátttakendur lýstu yfir mikilli ánægju með verkefnið.

Nordplus verkefni

Starfs- og námsráðgjöf og hæfni í atvinnulífinu er yfirskrift nýs Nordplus verkefnis sem FA er aðili að og snýr að ráðgjöf fyrir fólk á síbreytilegum vinnumarkaði þar sem þörf fyrir símenntun og breytingar á starfsvettvangi eru að aukast. Auk FA eru þátttakendur frá Danmörku og Finnlandi en verkefnið er til tveggja ára og mun fara af stað í september